

# SJÁVVARKLASINN 2021

EFNIS

YFIR

LIT

- 03 Kraftur á afmælisári
- 05 10 ára afmæli klasans
- 07 Bláar stjórnur til að fylgjast með 2022
- 09 Hópastarf skilar árangri
- 09 90% nýting
- 11 Framtíð fiskeldis
- 13 Hraðlar og keppnir
- 14 Berta kveður
- 14 Erlent starf klasans

# KRAFTUR Á AFMÆLISÁRI

...starf

Sjávarklasans  
vakið athygli  
víða um heim...

Íslenski sjávarklasinn hefur á þeim rösku tíu árum, sem liðin eru frá stofnun hans, fest sig í sessi sem leiðandi afl í nýsköpun tengdri hafinu- og vatnasviði landsins. Um leið hefur starf Sjávarklasans vakið athygli víða um heim og hafa fjölmörg lönd og svæði sóst eftir að líkja eftir nýsköpunar-starfi klasans til að efla sjávarbyggðir.

Mikilvægasti mælikvarði klasa verður ávallt það nýsköpunarstarf sem unnið hefur verið á vettvangi hans eða undir hans leiðsögn. Sá mikli fjöldi sprota sem orðið hefur til á undanförunum árum er vísbending um að samspil ákvarðana stjórnvalda um eflingu rannsóknarsjóða, gott klasa- og sprotaumhverfi og öflug rannsóknarstarfsemi eins og á vegum Matís hafi skilað árangri. Þessi þriðliða er án efa helsta ástæða þess hversu kröftugt íslenska sprotaumhverfið er.

Á bakvið klasa- og sprotastarfið hafa verið traustir samstarfsaðilar Íslenska sjávarklasans en þar má helst nefna Íslandsbanka, Icelandair Cargo, Faxaflóahafnir, Skinney Þinganes, Útgerðarfélag Reykjavíkur, Úthafsskip, Arion banka, Eimskip, Tryggingamiðstöðin, Umbúðamiðstöðina, Landsvirkjun, Marel, Hafnarfjarðarhöfn og Brim. Þessir aðilar hafa gert klasanum kleift að taka á móti hundruðum nemenda á öllum stigum náms til að kynna þeim nýsköpun tengda sjávarútvegi, halda úti frumkvöðlasetrum og ýmsa viðburði sem hafa að markmiði að tengja saman fólk og koma hugmyndum í framkvæmd. Þá hafa aðilar eins og Icelandic Startups og Startup Iceland gegnt mikilvægu hlutverki í að koma sprotum af stað og að kynna nýsköpun fyrir fjárfestum. Öllum þessum aðilum viljum við þakka frábært samstarf og þolinmæði við uppbyggingu Sjávarklasans.

Framundan eru spennandi tímar fyrir Sjávarklasann. Þessi elsti starfandi klasi landsins vill liðsinna við frekari uppbyggingu samstarfsverkefna víða um land og nýta reynslu klasans við stofnun og viðgang annarra klasa. Við höfum tröllatru á að klasahugsjónin gegni lykilhlutverki í að efla nýsköpun – ekki síst á sviði grænnar tækni á ýmsum sviðum.

Íslendingar hafi mikil tækifæri til að liðsinna öðrum þjóðum við að bæta umgengni sína við hafið og það ætti að verða eitt okkar stærsta framlag á heimsvísu til umhverfismála. Við erum þegar í forystu á heimsvísu í að nýta hliðarafurðir og búa til úr þeim allt milli leðurs og snyrtivara. Á meðan aðrar þjóðir henda 40-50% af fiskinum nýtum við allt að 90% af hverjum fiski.

Ég vil að endingu nota tækifærið og þakka Bertu Danielsdóttur framkvæmdastjóra Sjávarklasans fyrir hennar frábæra starf undanfarin 5 ár. Berta lét af störfum á árinu þegar hún tók við starfi framkvæmdastjóra sölusviðs hollenska matvælatæknifyrirtækisins Hotraco Group.

Þór Sigfússon

# 10 ÁRA AFMÆLI

Á undanförnum árum hafa fjölmargir klasar skotið upp kollinum. Íslenski sjávarklasinn var einn þeirra fyrstur en hann hélt upp á tíu ára afmælið á árinu. Auk hans eru starfandi meðal annars Ferðaklasinn, Orkuklasinn, Álklasinn, Fjártækniklasinn og Landbúnaðarklasinn svo nokkrir séu nefndir. Þá fjölgar í hópi staðbundinna klasa þar sem markmiðið er að efla nýsköpunarstarfsemi á einstökum svæðum. Allir þessir klasar hafa að markmiði að bæta samkeppnisstöðu og verðmæta-sköpun fyrirtækja eða atvinnu-greina.

Þótt klasarnir séu sumpart ólíkir vinna þeir allir að því að efla samstarf og skapa með því verðmæti. „Klasarnir eru ný tegund af samvinnuhreyfingu sem við erum stolt að vera partur af,“ segir Þór Sigfússon stofnandi Sjávarklasans. „Verkefni klasa er að efla samvinnu fyrirtækja, frumkvöðla, rannsóknastofnana og skóla og búa þannig til hraðbraut fyrir nýsköpun og þróun. Árangur Sjávarklasans á síðustu tíu árum má fyrst og fremst rekja til þess að við höfum haldið fast í gildi samvinnu.“

Í tilefni afmælisins var gefið út veglegt afmælisrit sem sent var öllum landsmönnum.

## VIÐURKENNINGAR

Í tilefni tíu ára afmælis Íslenska sjávarklasans veitti Sjávarklasinn viðurkenningar til einstaklinga sem hafa með einum eða öðrum hætti stuðlað að auknu samstarfi á ýmsum sviðum sem tengjast Íslenska sjávarklasnum. Athöfnin fór fram í Húsi sjávarklasans að Grandagarði 16. Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reyk fjörð ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar afhenti viðurkenningarnar og forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson ávarpaði gesti.

# KLASANS

Þeir einstaklingar sem hlutu viðurkenningu að þessu sinni eru eftirtaldir:

**Gísla Gíslasyni** fyrrum hafnarstjóra Faxaflóahafna var veitt sérstök viðurkenning frá stjórn samstarfsvettvangs samstarfs-fyrirtækja Sjávarklasans fyrir forystu um uppbyggingu klasans við Reykjavíkurhöfn. Hús sjávarklasans við Reykjavíkurhöfn hefur stuðlað að margháttuðu samstarfi ólíkra einstaklinga og fyrirtækja og orðið vagma nýsköpunar í haftengdri starfsemi. Árangur Húss sjávarklasans hefur víða spurst út og hafa hafnir, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, sóst eftir upplýsingum um hvernig staðið var að þessari uppbyggingu. Forysta og áhugi Gísla Gíslasonar og stjórnar Faxaflóahafna skipti sköpum um þann árangur sem Hús sjávarklasans hefur náð.

**Ásta Dís Óladóttir** dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands hlaut viðurkenningu fyrir að efla samstarf atvinnulífs og Háskóla Íslands. Ásta Dís hefur stuðlað að því að fleiri nemendur hafa myndað tengsl við fyrirtæki í sjávarklasnum og kynnst þannig atvinnulífinu og tækifærum í bláa hagkerfinu.

**Eva Rún Michelsen** stofnandi Eldstæðisins hlaut viðurkenningu fyrir að hafa komið á fót vettvangi fyrir matvælafrumkvöðla sem hefur hefur aukið samstarf og opnað tækifæri fyrir fjölda frumkvöðla til að vinna að sinni nýsköpun í matvælum. Eva var jafnframt fyrsti framkvæmdastjóri Húss sjávarklasans.

**Salóme Guðmundsdóttir** fyrrum framkvæmdastjóri Icelandic startups hlaut viðurkenningu fyrir forystu um uppbyggingu á sprotastarfsemi í landinu. Salóme stóð í stafni við að koma á viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita en Icelandic Startups og Sjávarklasinn stofnuðu til þess verkefnis. Þessi nýi hraðall hefur stuðlað að enn öflugra frumkvöðlastarfi og aukið samstarf land-búnaðar og sjávarútvegs í frumkvöðlastarfsemi.

**Sigurður Pétursson** frumkvöðull og stofnandi fiskeldisfyrirtækisins Arctic Fish hlaut viðurkenningu fyrir ötult frumkvöðlastarf á sviði fiskeldis og fyrir að hvetja til víðtæks samstarfs frumkvöðla og iðnaðar. Sigurður var einn af fyrstu íbúum Húss sjávarklasans og þar hóf hann að þróa hugmynd sína um öflugt fiskeldi á Vestfjörðum. Sigurður hefur jafnframt verið afar hjálplegur við fjölda frumkvöðla sem leitað hafa í hans smiðjur.

**Vilhjálmur Jens Árnason** verkefnisstjóri hjá Sjávarklasnum hlaut viðurkenningu fyrir þátt hans í uppbyggingu klasans og kynningu á honum. Vilhjálmur hefur fylgt klasnum frá fyrsta degi og unnið að margháttuðum verkefnum hér og erlendis í tengslum við klasaupbyggingu og ráðgjöf. Fyrsta verkefni Vilhjálms var í undirbúningi að stofnun klasans þegar hann hafði forystu um gerð ítarlegrar kortlagningar á allri haftengdri starfsemi á Íslandi. Sú aðferðafræði sem þar var tekin upp varð síðan fyrirmynd sambærilegra kortlagninga erlendra klasa sem tengjast Sjávarklasnum. Vilhjálmur hefur kynnt klasastarfið víða um heim og liðsinnt þeim erlendu aðilum sem sýnt hafa áhuga á að opna sambærilega klasa utan Íslands.

# BLÁAR STJÖRNUR TIL AÐ FYLGJAST MEÐ

Íslenski sjávarklasinn tók saman lista yfir þau litlu fyrirtæki eða sprota sem tengjast hafinu eða vatnasviði landsins og sem áhugavert verður að fylgjast með á nýju ári. Þegar litið er yfir allt frumkvöðlaumhverfið sem tengist bláa hagkerfinu má sjá gríðarlega fjölbreytni og ótrúlegan fjölda fyrirtækja. Það sem einkennir sviðið þessi misserin er m.a. vaxandi fjöldi fyrirtækja sem tengjast þara og þörungarækt og margvíslegu fiskeldi. Þá hefur fyrirtækjum, sem þróa ýmis bætiefni og heilsuvörur úr fiski og þörungum fjölgað nokkuð og sum hafa náð fótfestu á skömmum tíma utan Íslands. Þá á tæknigeirinn flotta fulltrúa í þessum hópi. Þar eru meðal annars fyrirtæki sem auka líftíma vara, sinna rekjanleika matvöru og tækni sem tengist skipum. Bróðurpartur blárra frumkvöðla-fyrirtækja hérlendis tengjast með einum eða öðrum hætti hringrásarhagkerfinu og eru því á hárréttum tíma að koma fram með nýsköpun sína einmitt þegar vaxandi áhugi er á fjárfestingum í fyrirtækjum af því tagi. Vonandi verður einnig hægt að fullyrða að fyrirtækin séu vel sett að taka sin fyrstu skref í íslensku rekstrarumhverfi árið 2022!

## Hefring Marine

Nýsköpunarfyrirtækið Hefring þróa búað sem ráðleggur skipstjórum hve hratt eigi að sigla miðað við aðstæður. Viðtökur erlendis hafa verið afar góðar og fyrirtækið hefur jafnframt tryggt sér fjármögnun til frekari þróunar og sölu.

## Responsible Foods

Fyrirtækið Responsible Foods kynnti á árinu heilsusamlegt snakk sem unnið er úr íslensku hráefni. Innlendir fjárfestar komu að uppbyggingunni með stofnendunum og miklar væntingar eru um að vörulína fyrirtækisins veki áhuga á hraðvaxandi markaði á þessu sviði.

## Ankeri

Ankeri hefur þróað hugbúnað sem tvinnar saman hagsmuni eigenda og leigjenda skipa með bættri upplýsingagjöf, betri orkunýtingu og minni útblæstri skipaflotans. Þannig leggur Ankeri sitt af mörkum í grænni þróun og orkuskiptum heimsflotans.

## Optitog

Fyrirtækið Optitog hefur þróað umhverfisvænan og byltingarkenndan búnað til veiða sem skemmir ekki hafsbottinn og dregur úr eldsneyti-snotkun við veiðar. Tímamótatækni sem getur stórbætt umgengni sjávarútvegsfyrirtækja við hafið.



# 2022

## Genis

Líftæknifyrirtækið Genis á Siglufirði hefur langa reynslu í þróun kítinfásykra úr rækjuskel. Þróun af þessu tagi tekur langan tíma og mikla þolinmæði. Verður 2022 ár Genis?

## Thorice

Thorice hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og þróað á þeim tíma umhverfisvænar lausnir til að lengja líftíma matvæla og draga úr sóun. Þessi tækni og þekking, sem fyrirtækið hefur aflað sér, lætur ljúflega í eyrum fjárfesta.

## Marea

Sprotafyrirtækið Marea er að þróa filmur úr þaraplasti. Um leið er þessi sproti að huga að frekari þróun á þessu sviði. Allt sem við höfum séð frá Marea vekur áhuga og væntingar um að þarna geti leynst gríðarleg tækifæri.

## Eylif

Sprotafyrirtækið Eylif hefur vakið athygli fyrir fjölbreytta vörulínu af íslenskum náttúruæfnum. Viðtökur innlendra neytenda hafa farið langt fram úr væntingum og það er án efa besta vísbendingin um tækifærin í útrás.

## Taramar

Taramar vörur byggja á áralöngum rannsóknum og þróun húðvara úr íslenskum náttúruæfnum. Fyrirtækið er með einkaleyfisvarna vöru sem nýtur vaxandi vinsælda utan Íslands.

## Unbroken

Vatnsrofin laxaprótein eru uppistaðan í hinni einstöku vörulínu Unbroken. Að baki liggja margháttaðar rannsóknir en mesta athygli hefur vakið gríðarlegar vinsældir þessarar ofurfæðu hjá þekktu íþróttafólki víða um heim. Hér er eitthvað stórt að gerast!

## Algalif

Algalif hefur náð forystu í framleiðslu á ofurefninu axtazhantin sem þróað er úr þörungum sem framleiddir eru með hreinu íslensku vatni og -orku. Hér er á ferðinni fyrirtæki sem kann að verða Marel þörunganna!

## IðunnH2

Sprotafyrirtækið IðunnH2 stefnir að stórframleiðslu á vetni sem opnar möguleika á að flýta orkuskiptum m.a. í sjávarútvegi!

Ýmis önnur nýsköpunarfyrirtæki mætti nefna sem einnig verður spennandi að fylgjast með á næstu misserum. Í því sambandi má nefna Margildi, Marine Collagen, Tracio, Matorku, Primex, Omegaalgae, Arcanabio, Nordic Fish Leather, North, Feel Iceland, Feed the Viking og Sæbýli. Þá eru að koma fram sífellt fleiri fyrirtæki í þaraeldi og fiskeldi sem verða án efa áberandi á komandi árum. Við söknum fleiri líftæknisprotu sem tengjast hafinu og vatnasviði landsins og munum reyna að hlúa enn betur að sprotum á því sviði.

# HÓPASTARF SKILAR ÁRANGRI

COVID19 hefur áfram áhrif á hópastarf innan Sjávarklasans. Þó hafa öflugir hópar verið starfræktir og nýir hafa verið settir á laggirnar.

Hringrásarhópur hittist þrívægis á árinu og er sá vettvangur tilraun Sjávarklasans til að efla samtál á milli fólks sem vinnur við hringrásarverkefni. Aðalmarkmið hópsins er að koma saman „auðveldurum“ (facilitators) á hringrásarhagkerfinu, efla þekkingu og samskipti þeirra á milli. Við höfum notið góðs samstarfs við Íslenska ferðaklasann, Icelandic startups og Festi í þessari vinnu.

Hópur stjórnenda lykilstofnana sem lúta að bláa hagkerfinu var settur á laggirnar fyrr á árinu. Hugmyndin er að efla samtál á milli stjórnenda þessara stofnana og auka upplýsingaflæði.

Fjórir öflugir nýsköpunarklasar á sviði sjálfbærni, nýsköpunar og orkuskipta; Sjávarklasinn, Eimur, Blámi og Orkidea, ákváðu að efla samstarf. Með þessu samstarfi er ætlunin að auka tengsl á milli frumkvöðla víða um land og frumkvöðla Sjávarklasans. Í samstarfinu felst meðal annars að frumkvöðlar Eims og Bláma geta fengið aðgang að vinnustöðvum og fundarýmum í Húsi sjávarklasans og frumkvöðlar í Sjávarklasanum geta nýtt sér tengslanet Eims, Bláma og Orkideu.. Stefnt er að því að efla einnig sameiginlegt kynningarstarf þessara nýsköpunarklasa. Landsvirkjun er bakhjarl þessa samstarfs.

Hópur fólks í framleiðslu og vinnslu þörunga hefur verið í undirbúningi.

## 90% NÝTING

Íslenski sjávarklasinn heldur áfram að vinna að einstökum greiningum. Á árinu voru gefnar út 4 greiningar. Í þeim var m.a. fjallað um fullnýtingu á sjávarafurðum hérlendis. Þar kom fram að rannsókn klasans gefur til kynna að einungis 10% af hliðarafurðum eru ekki nýttar með einhverjum hætti hérlendis. Þá var fjallað um fjölgun blárra frumkvöðlafyrirtækja hérlendis og samband vatns, matvæla og orku.



# FRAMTÍÐ

# FISKELDIS

Þróun í íslensku fiskeldi hefur verið mikil á síðastliðnum áratug og má segja að algjör umskipti hafi átt sér stað. Laxeldi í sjó hefur farið frá því að vera atvinnugrein, sem nánast var búið að afskrifa sem raunhæfan valkost við íslenskar aðstæður, yfir í að vera sú grein sem margir horfa til sem helsta vaxtartækifæris í matvælaútflutningi til næstu áratuga.

Þetta er m.a. það sem kemur fram í skýrslu Íslenska sjávarklasans sem nefnist „Framtíð fiskeldis á Íslandi“. Útgáfan var studd af Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu.

Á sama tíma og tækifæri blasa við eru vaxandi áhyggjur af ekki síst umhverfisáhrifum stóraukins laxeldis. Þær áhyggjur snúa m.a. að því lífríki sem fyrir er í hafi og villta laxastofninum.

Í skýrslunni er leitast við að meta framtíðarhorfur laxeldis á Íslandi með hliðsjón af bæði umhverfis- og samkeppnissjónarmiðum. Þegar horft er til næstu ára og áratuga er ljóst að hreyfiafl breytinga getur bæði legið í tæknibreytingum, sem geta haft áhrif á samkeppnishæfni land- og sjókvíaeldis, og viðhorfum neytenda til ólíkra aðferða í eldi.

...tækifæri til  
fullvinnslu  
eldislax eru  
umtalsverð...

Í skýrslunni er bent á að tækifæri til fullvinnslu eldislax hér á landi eru umtalsverð en fullvinnsla af því tagi er mjög lítil í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Því er miklu magni hent. Nýta má þá miklu þekkingu og nýsköpun sem er til staðar í vinnslu á hvítfiski hérlendis til að ná forystu á heimsvísu í nýtingu á eldisfiski.

Í skýrslunni er bent á að tækifæri til fullvinnslu eldislax hér á landi eru umtalsverð en fullvinnsla af því tagi er mjög lítil í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Því er miklu magni hent. Nýta má þá miklu þekkingu og nýsköpun sem er til staðar í vinnslu á hvítfiski hérlendis til að ná forystu á heimsvísu í nýtingu á eldisfiski.

Á grunni gagnaöflunar og viðtala við tugi sérfræðinga á þessu sviði jafnt í greininni sjálfri sem stjórnslu, umhverfissamtökum, menntasamfélagi og fjármálakerfi er dregin upp mynd af mögulegri þróun laxeldis hérlendis.





# HRAÐLAR & KEPPNIR

Sjávarklasinn heldur áfram að leggja rækt við að hvetja ungt fólk til að stofna fyrirtæki í tengslum við bláa hagkerfið. Marí-gull frá Fjölbrotarskólanum í Garðabæ var valið sem besti sjó-bissnessinn á uppskeruhátíð Ungra frumkvöðla, Junior Achievement (JA) á Íslandi þann 18.maí sl. Marí-gull framleiðir ígulkerlampu úr Marígulkerjum sem eru veidd við Íslandsstrendur og er standurinn úr afsagi.

Fyrirtækjasmíðjan er árlegur viðburður á vegum samtakanna Ungir frumkvöðlar sem Íslenski sjávarklasinn hefur stutt við undanfarin ár. Árlega taka um 600 nemendur þátt í smíðjunni frá flestum framhaldsskólum landsins og er mikil eftirvænting á meðal nemenda fyrir keppninni ár hvert.

Valið er í nokkra flokka og var Hrauney frá Verzlunarskóla Íslands valið fyrirtæki ársins. Við óskum öllum þátttakendum og vinningshöfum til hamingju með árangurinn.

Viðskiptahraðallinn Til sjávar og sveita var með öðrum hætti þetta árið. Fyrirtækjum sem voru komin í útrásarhug var boðin þátttaka og var valið fyrirtæki í hverju rúmi. Hraðallinn var alfarið í umsjá Icelandic Startups að þessu sinni en hraðallinn var stofnaður af þeim og klasanum. Klasinn liðsinni hraðlinum með ýmsum hætti.

## SJÁVARAKADEMÍAN

Sjávarakademían er aftur komin á fullt skrið undir forystu Fisktækniskólans. Áfram verður lögð áhersla á að bjóða nemendum upp á nám sem tengist frumkvöðlakraftinum sem er í Sjávarklasanum.

## SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ SJÁVARKLASANS

### UMHVERFIÐ

Við lágmarkun notkun á plasti og pappír í okkar starfsemi og hvetjum samstarfsfyrirtæki til þess sama. Við leggjum áherslu á að öll okkar starfsemi hafi ekki áhrif á heilsu hafsins og lífríki þess.

### NÝSKÖPUN

Við tökum forystu um að skapa ný tækifæri innan bláa hagkerfisins án þess að ganga frekar á auðlindir Íslendinga. Við leggjum áherslu á að fullnýta þær afurðir er koma að landi svo ekki falli til úrgangur frá þeim.

Við miðlum þekkingu okkar til frumkvöðla og með þátttöku í viðskiptahröðlum.

### MANNRÉTTINDI

Við styðjum og virðum mannréttindi og viðurkennum mikilvægi þeirra í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlega sáttmála og aðrar siðareglur. Við leitumst við að starfa eingöngu með fyrirtækjum sem styðja við mannréttindabaráttu. Við höfum í forgrunni mannsæmandi laun, öryggi, vinnuvernd og hvers kyns forvarnir gegn mismunum.

# BERTA KVEÐUR

Berta Danielsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans á árinu eftir að hafa gengt stöðunni síðastliðin fimm ár. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra sölusviðs alþjóðlega framleiðslufyrirtækisins Hotraco í Hollandi.

„Berta starfaði sem framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans á árunum 2017-2021,“ segir Þór Sigfússon stofnandi klasans. „Á þessum árum hefur árangur klasans vakið mikla athygli bæði hér og erlendis. Nú eru starfandi sex systurklasasr Sjávarklasans utan Íslands og ráðgjafarverkefni klasans utan Íslands hafa aukist að sama skapi. Berta mun taka sæti í stjórn Íslenska sjávarklasans,“ segir Þór.

„Forysta Bertu við uppbyggingu Íslenska sjávarklasans hefur verið ómetanleg. Við erum stolt af því að hún skuli valin úr stórum hópi til að leiða alþjóðlega starfsemi sem tengist matvælamarkaði. Íslenski sjávarklasinn þakkar Bertu fyrir einstaklega farsælt samstarf“.

## ERLENT STARF KLASANS

Starf Sjávarklasans á erlendum vettvangi hefur farið hratt vaxandi. Klasinn hefur tekið að sér ráðgjafarverkefni erlendis, sinnt vaxandi dótturklösum í Bandaríkjunum og flutt erindi um Íslenska sjávarklasann á 15 ráðstefnum og fundum utan Íslands á árinu. Þá hafa erlendir fjölmiðlar sýnt klasanum mikinn áhuga.

Má þar nefna að Franska sjónvarpið heimsótti klasann í október og var sýndur þáttur um hann og íslenskan sjávarútveg í Franska sjónvarpinu. Þá heimsótti finnska sjónvarpið klasann svo eitthvað sé nefnt.

# Sjávar-



# Klasinn



Íslandsbanki hf • Útgerðarfélag Reykjavíkur hf • Skinney-Pinganes hf

Eimskip Ísland ehf • Icelandair Cargo ehf • Samhentir Kassagerð ehf • Arion Banki

Marel hf • Brim hf • Tryggingamiðstöðin hf • Úthafsskip ehf • Landsvirkjun

Arctica Finance hf • Isavia of • LEX ehf • Lýsi hf • Stálsmiðjan ehf • Wise lausnir ehf • Skaginn 3x ehf

Valka ehf • Ekran ehf • Kælismiðjan Frost ehf • Hafnarfjarðarhöfn • Faxaflóahafnir sf • Kerecis ehf

Navis ehf • Trefjar ehf • Marport ehf • Tekla ehf

Þessi frábæru samstarfsfyrirtæki okkar hafa gert okkur kleift að efla bláa hagkerfið á Íslandi.

